

# Lykilskilaboð fyrir bráðadeildir [læknar og stjórnendur]

- Þú ert í mikilvægri stöðu til að bæta ávísun sýklalyfja fyrir bæði innlagða og aðra sjúklinga, þar sem þín deild tengir sjúkrahúsið við samfélagið [77].
- Meðferðaráform varðandi sýklalyf sem hefst á þinni deild hafa mikil áhrif á val meðferðar sem tekur við á sjúkrahúsinu eða úti í samfélaginu [77].

## Verkefni

- Klínísk verkefni sem tengjast því að bæta sýklalyfjanotkun eru t.d. [102] [samhljóða sérfræðiálit]:
  - Fylgja staðbundnum gagnreyndum viðmiðunarleiðbeiningum um sýklalyf fyrir algengar sýkingar;
  - Ákveða fyrsta skammt sýklalyfja fyrir innlagða sjúklinga;
  - Senda í ræktun áður en sýklalyfjameðferð hefst til að hægt að sé sérsníða meðferðina og stöðva á meðan innlögn stendur;
  - Miðla öllum bakgrunnsupplýsingum sjúklings og meðferðarákvörðunum til þeirra lækna sem taka við sjúklingnum, innan eða utan sjúkrahússins.
  - Upplýsa sjúklinga (og fjölskyldur þeirra) um ástæðu ávísunar fyrir sýklalyf, mögulegar hliðarverkanir, og skynsamlega notkun.
- Verkefni á deildarstigi eru t.d. [77] [samhljóða sérfræðiálit]:
  - Miðla gagnreyndum viðmiðunarleiðbeiningum sjúkrahúss og klínískum leiðum til að greina, meðhöndla og stjórna algengum sýkingum sem koma upp á þinni deild (þ.e. öndunarfærasýkingar, húð- eða mjúkvæfssýkingar, þvaggfærasýkingar og blóðsýkingar). Þær ættu að innihalda ábendingu, lyfjaval, skammt, inntökuleið og tímalengd meðferðar.
  - Sjá til þess að leiðbeiningar taki mið af staðbundnu mynstri örvera og sýklalyfjaónæmis og endurspegli lyfjaforskriftasafn sjúkrahússins.
  - Stuðla að hraðri eftirfylgni og túlkun á niðurstöðum sýklarannsókna með samstarfi við sýklarannsóknadeild svo hægt sé að miðla niðurstöðum með skilvirkum hætti til útgefenda lyfseðla.
  - Símenntun starfsfólks í smitsjúkdómum og skynsamlegri notkun sýklalyfja.

## Það sem þú getur gert

- Fylgdu aðferðarlýsingu fyrir sýklalyfjameðferðir (t.d. fyrir blóðsýkingar [74], þvaggfærasýkingar [103], húð- og mjúkvæfssýkingar [104]), og notaðu aðferðir og leiðbeiningar sýkingavarna sem eru til staðar í þínu umhverfi [31] [samhljóða sérfræðiálit].
- Grannskoðaðu sögu sjúklings þegar þú ávísar sýklalyfjum, þ.m.t. nýlega sýklalyfjanotkun, lyfjaofnæmi, ónæmisbælandi meðferðir og áhættuþætti fyrir

sýklalyfjaónæmi (t.d. nýleg dvöl á sjúkrahúsi, nýleg meðferð eða nýleg ferð utan Evrópu) [31].

7. Kynntu þér staðbundið mynstur sýklalyfjaónæmis í samfélaginu, á sjúkrahúsinu og á deildinni[31] [samhljóða sérfræðiálit].

8. Aldrei byrja sýklalyfjameðferð nema að það sé ótvírætt að um bakteríusýkingu sé að ræða og ekki meðhöndla bólfestu [31,72].

9. Reyndu að forðast óþarfar forvarnir með sýklalyfjum [31,73].

10. Byrjaðu markvissa sýklalyfjameðferð hjá sjúklingum með alvarlega sýkingu eins fljótt og hugsast getur [31,74].

11. Gakktu úr skugga um að sent sé í ræktun áður en sýklalyfjameðferð hefst [31,42,70,71].

12. Skráðu ábendingu fyrir sýklalyfjameðferð, lyfjaval, skammt, inntökuleið og lengd meðferðar í sjúkraskrá sjúklingsins [31,42,70,71].

13. Ef þú ert í vafa um að ávísa sýklalyfjum skaltu gera eftirfarandi [25,26,53,70] [samhljóða sérfræðiálit]:

- Athugaðu staðbundin, svæðisbundin og landsbundin faraldsfræðileg gögn.
- Ráðfærðu þig við reyndari starfsmann eða aðila í stýrihópi um sýklalyf.

14. Taktu reglulega þátt í námskeiðum og fundum sem stuðla að því að sjúkrahúsin innleiði: a) skynsama sýklalyfjanotkun, b) gagnreyndar og staðbundnar viðmiðunarleiðbeiningar í tengslum við sýklalyf og c) sýkingavarnir og stjórnumunaraðgerðir í tengslum við þær[52,53].